

Verðbréfalýsing IS FYR 24 1

IS Fyrirtækjalánasjóður hs.



28. október 2024

Umsjónaraðili með gerð lýsingar

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf.



Efnisyfirlit

1. Áhættuþættir	3
1.1. ALMENN ÁHÆTTA SKULDABRÉFA.....	3
1.2. ÁHÆTTA TENGD SKULDABRÉFAFLOKKNUM	4
1.2.1. Mótaðila- og útlánaáhætta	4
1.2.2. Endurgreiðslu- og lausafjáraáhætta	4
1.2.3. Vaxta- og fjármögnunaráhætta.....	5
1.2.4. Markaðsáhætta	5
1.2.5. Seljanleikaáhætta	5
1.2.6. Áhætta vegna skilmálabreytinga	5
1.2.7. Vanskilaáhætta	5
1.2.8. Áhætta við slítaferli.....	6
1.2.9. Uppgreiðsluáhætta	6
1.2.10. Uppgjörsáhætta	7
1.2.11. Verðtryggingaráhætta.....	7
1.2.12. Lagaleg og skattaleg áhætta	7
2. Upplýsingar um skuldabréfin	9
2.1. ALMENNT UM ÚTGÁFUNA	9
2.2. HEIMILD TIL SKULDABRÉFAÚTGÁFU.....	9
2.3. SKILMÁLAR SKULDABRÉFSINS	9
2.3.1. Undirliggjandi eignir.....	11
2.3.2. Gjaldfelling vegna vanskila	14
2.3.3. Sérstök skilyrði skuldabréfaflokksins IS FYR 24 1	15
2.3.4. Skilmálabreyting	15
2.3.5. Upplýsingaöflun	15
2.3.6. Framsal.....	16
2.3.7. Ágreiningsmál	16
2.3.8. Afskráning	16
2.4. UPPLÝSINGAR UM MÓTAÐILA ÚTGEFANDA Í FJÁRFESTINGUM	16
2.5. REKSTRARÆÐILI ÚTGEFANDA	17
2.6. ÁBYRGÐ Á GREIDSLU ÚTGÁFU.....	17
2.7. VERÐMAT OG BÓKFÆRT VIRÐI EIGNA	17
2.8. VÖRSLUÆÐILI	17
2.9. LÖG SEM GILDA UM SKULDABRÉFIN	18
2.10. SKATTAMÁL.....	18
2.11. TAKA SKULDABRÉFANNA TIL VIÐSKIPTA Á SKIPULEGUM MARKADI	19
2.11.1. Kostnaður vegna töku til viðskipta.....	19
2.11.2. Tilgangur með töku skuldabréfanna til viðskipta.....	19
3. Tilkynning til fjárfesta	20

3.1.	SKJÖL TIL SÝNIS	21
3.2.	UMSJÓNARAÐILI ÚTGÁFUNNAR OG TÖKU SKULDABRÉFANNA TIL VIÐSKIPTA.....	21
3.3.	UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA	21
3.4.	HUGSANLEGIR HAGSMUNAÁREKSTRAR.....	22
3.5.	STAÐFESTING AF HÁLFU FJÁRMÁLAEFTIRLITS SEÐLABANKA ÍSLANDS	23
3.6.	YFIRLÝSING ÁBYRGÐARAÐILA VERÐBRÉFALÝSINGAR FYRIR HÖND ÚTGEFANDA	24

1. Áhættuþættir

IS Fyrirtækjalánasjóður hs., kt. 650821-9630, Hagasmára 3, 201 Kópavogi („IS Fyrirtækjalánasjóður“, „útfandinn“ eða „sjóðurinn“) er hlutdeildarsjóður, sbr. IX. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem rekinn er af Íslandssjóðum hf., kt. 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi („Íslandssjóðir“ eða „rekstraraðili“). Tilgangur sjóðsins er að veita viðtöku fé frá fagfjárfestum og viðurkenndum gagnaðilum til sameiginlegrar fjárfestingar og ávaxta þá fjármuni með fjárfestingum samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins. Að loknu fjárfestingartímabili sjóðsins gaf IS Fyrirtækjalánasjóður út skuldabréfaflokkinn IS FYR 24 1 („IS FYR 24 1“, „skuldabréfin“, „flokkurinn“ eða „skuldabréfaflokkurinn“) í þeim tilgangi að innleysa að mestu leyti hlutdeildarskírteini fjárfesta.

Hér á eftir er lýst þeim áhættuþáttum sem útfanda er kunnugt um og telur skipta máli varðandi skuldabréfaflokkinn IS FYR 24 1 þannig að meta megí markaðsáhættuna sem tengist skuldabréfunum. Umfjöllun um þá áhættu sem útfandi telur eiga sérstaklega við um sjóðinn má finna í kafla 1 *Áhættuþættir* í útfandalýsingu IS Fyrirtækjalánasjóð hs. dagsettri 28. október 2024.

Með framsetningu og uppröðun þeirra áhættuþátta sem hér er fjallað um er leitast við að telja fyrst upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útfanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á skuldabréfin og líkanna á að þeir raungerist. Afmörkun getur verið með ýmsu móti og þá er hægt að flokka með mismunandi aðferðum. Hér er eftir fremsta megni reynt að gera grein fyrir þekktum áhættuþáttum sem hafa áhrif á skuldabréfin svo meta megí markaðsáhættuna sem tengist þeim.

Ekki er víst að hér sé fjallað um alla þá áhættuþætti sem gætu haft áhrif á skuldabréfin í framtíðinni, því áhættuþættir sem álitnir eru óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hafi veruleg áhrif síðar. Eins gætu komið fram nýir áhættuþættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag. Sá möguleiki er því fyrir hendi að útfandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta en þeirra sem hér eru taldir upp og teljast því ekki til áhættu.

Fjárfesting í skuldabréfum útfnum af IS Fyrirtækjalánasjóð hs. felur í sér áhættu. Verðmæti skuldabréfanna getur hækkað eða lækkað. Fjárfestar geta tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar í skuldabréfunum eða eftir atvikum hluta hennar. Fjárfestar ættu ætíð að byggja ákvörðun sína um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin skoðun eða óháðri ráðgjöf sem þeir telja viðeigandi. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel þá áhættuþætti sem ræddir eru í verðbréfalýsingu þessari, skilmála skuldabréfanna, fjárfestingastefnu og upplýsingar um eignir útfanda og leggja eigið mat á þá áhættu sem kaupin gætu útsett þá fyrir.

Utan þeirra þátta sem getið er í verðbréfalýsingu þessari er sjóðnum ekki kunnugt um neina stjórnvaldslega, efnahagslega, skattalega eða peningalega stefnu né óvissuþætti, kröfur eða skuldbindingar sem hafa eða gætu haft mikilvæg bein eða óbein áhrif á rekstur sjóðsins.

1.1. Almenn áhætta skuldabréfa

Skuldabréf bera markaðsáhættu sem felst í því að virði þeirra getur sveiflast samhliða hreyfingum á ávöxtunarkröfu skuldabréfa á mörkuðum. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði bréfanna og á hinn bóginn ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði bréfanna. Margvísleg atriði geta orðið til þess að breytingar verða á mörkuðum með fjármálagerninga og þá á virði skuldabréfanna, s.s. almennt efnahagsástand,

breytingar á vaxtastigi, lagabreytingar, ófyrirséðir atburðir eða áföll. Slíkir atburðir eru utan áhrifasviðs útgefanda. Nánar er vikið að lagaumhverfi því sem um verðbréfin og útgefanda þeirra gilda í kafla 1.2.12 *Lagaleg og skattaleg áhætta* í verðbréfalýsingu þessari.

Ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfesting í skuldabréfum muni reynast arðsöm. Þá skulu væntanlegir fjárfestar einnig hafa það hugfast að þrátt fyrir að fjárfesting í skuldabréfum kunni að skila góðri ávöxtun almennt er sú hætta ávallt fyrir hendi að skuldabréf í einstökum útgefendum reynist óarðbær.

1.2. Áhætta tengd skuldabréfaflokknum

1.2.1. Mótaðila- og útlánaáhætta

Mótaðilaáhætta fjárfesta vegna skuldabréfanna felst í því að útgefandi standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfunum. Fjallað er sérstaklega um útgefanda skuldabréfanna og þá áhættuþætti sem eiga sérstaklega við um hann í útgefandalýsingu dagsettri 28. október 2024.

Standi mótaðilar útgefanda ekki við skuldbindingar sínar gagnvart útgefanda hefur það áhrif á tekjur útgefanda og þar af leiðandi getu hans til þess að standa skil á greiðslum samkvæmt skilmálum skuldabréfanna. Endurgreiðsla skuldabréfanna er háð því að mótaðili standi við skuldbindingar sínar gagnvart útgefanda.

Skuldabréfin fela ekki í sér bein veð heldur standa allar eignir útgefanda til tryggingar á greiðslu þeirra og er eignum útgefanda ætlað að mæta greiðsluflæði skuldabréfanna. Þrátt fyrir það getur útgefandi orðið fyrir tapi af hálfu mótaðila. Nánari umfjöllun um undirliggjandi eignir útgefanda er að finna í kafla 2.3.1 *Undirliggjandi eignir* í verðbréfalýsingu þessari.

1.2.2. Endurgreiðslu- og lausafjáraáhætta

Útgefandi skuldbindur sig til að endurgreiða skuldabréfin á lokagjalddaga og vexti ársfjórðungslega í samræmi við skilmála bréfsins með tekjum sínum. Lausafjáraáhattan felst í því að útgefandi eigi ekki nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt skuldabréfunum á vaxtagjalddögum og á lokagjalddaga. Rekstraraðili útgefanda er skaðlaust af útgáfu skuldabréfanna, ber ekki ábyrgð á greiðslum vegna skuldabréfanna og er hvorki skuldari né ábyrgðaraðili á skuldabréfunum.

Útgefandi fjármagnar skuldbindingar sínar með tekjum af eignum sínum sem eru helst útlán til fyrirtækja. Ef tekjur útgefanda af slíkum fjárfestingum verða minni eða þær tapast að hluta eða heild hefur það neikvæð áhrif á getu útgefanda til þess að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt skilmálum skuldabréfsins. Áhætta fjárfesta vegna lausafjáraáhatta útgefanda endurspeglast í getu útgefanda til að standa skil á skuldbindingum sínum vegna skuldabréfanna. Nánari upplýsingar um eignir útgefanda er að finna í kafla 2.3.1 *Undirliggjandi eignir* í verðbréfalýsingu þessari. Til að draga úr slíkri áhættu hefur útgefandi samþykkt skilmála vegna skuldabréfaflokksins sem ætlað er að bæta réttarstöðu skuldabréfaeigenda gagnvart útgefanda, einkum gjaldfellingarheimildir skuldabréfaeigenda. Fjallað er um framangreinda skilmála skuldabréfaflokksins í kafla 2.3 *Skilmálar skuldabréfsins* í verðbréfalýsingu þessari.

1.2.3. Vaxta- og fjármögnunaráhætta

Skuldabréfaflokkurinn er gefinn út til 7 ára með breytilegum óverðtryggðum vöxtum sem breytast í samræmi við breytingar á vöxtum undirliggjandi eigna útgefanda. Fimm dögum fyrir upphaf hvers vaxtatímabils eru vextir ákvarðaðir út frá áætluðum greiddum vöxtum undirliggjandi eigna útgefanda á því tímabili að frádregnum kostnaði útgefanda í samræmi við reglur hans og tilkynningar til skuldabréfaeigenda.

Vextir af undirliggjandi eignum samanstanda að jafnaði af breytilegum vaxtagrunni að viðbættu vaxtaálagi eða að frádregnu frádragi. Breytingar á íslensku vaxtaumhverfi sem leiða til breytingar á vaxtagrunni viðkomandi lána mun hafa áhrif á vaxtakjör lánanna. Lækkun vaxtagrunns getur því leitt til lækkunar vaxtatekna sjóðsins og vaxtagreiðslna skuldabréfanna. Vaxtaáhætta getur því leitt til taps á virði vegna hreyfingu vaxtaferla.

Uppgreiðsluheimild er til staðar á undirliggjandi eignum sjóðsins. Sjóðurinn hefur heimild til að endurfjárfesta þeim fjármunum sem hann hefur fengið greitt til sín í peningamarkaðsgerningum, innlánnum eða hlutdeildarskírteinum sjóða (lausafjár sjóða), samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins, og þannig lágmarkað vaxtaáhættu eins og mögulegt er.

1.2.4. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta skuldabréfanna felst í þeirri áhættu sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni skuldabréfa, þ.e. að verð skuldabréfa sveiflist almennt á markaði, ávöxtunarkrafa markaðarins sveiflist almennt eða ávöxtunarkrafa til einstakra flokka skuldabréfa sveiflist. Ef ávöxtunarkrafa markaðarins hækkar þá lækkar virði skuldabréfanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði skuldabréfanna.

1.2.5. Seljanleikaáhætta

Þrátt fyrir að sótt verði um töku skuldabréfanna til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland er ekki hægt að ábyrgjast að skilvirkur markaður myndist með skuldabréfin. Þannig getur sú staða komið upp að fjárfestar geta ekki selt skuldabréfin þegar þeir vilja selja eða selt á því verði sem væntingar þeirra standa til þar sem framboð skuldabréfanna er meira en svo að markaðurinn taki við sölutilboðum á uppsettu verði. Ekki er fyrirhugað að halda úti viðskiptavakt með skuldabréfin.

1.2.6. Áhætta vegna skilmálabreytinga

Breytingar á skilmálum skuldabréfanna eru háðar samþykki aukins meirihluta eigenda skuldabréfanna miðað við fjárhæð (66,67%). Engar takmarkanir eru á því hvaða skilmálum er heimilt að breyta. Þar sem ekki þarf samþykki allra eigenda skuldabréfanna fyrir skilmálabreytingum er sú hættu fyrir hendi að skilmálabreyting verði samþykkt þrátt fyrir að 33,33% eigenda skuldabréfanna, miðað við fjárhæð, hafi metið skilmálabreytinguna sem verri kost fyrir sig. Bent er á umfjöllun í kafla 2.3.4 *Skilmálabreyting* í verðbréfalýsingu þessari.

1.2.7. Vanskilaáhætta

Vanskilaáhætta felur í sér þá áhættu að útgefandi geti ekki uppfyllt skyldur sínar um endurgreiðslu á lokagjaldsdaga og greiðslu vaxta á vaxtagjaldsdögum. Með skuldabréfunum skuldbindur útgefandi sig til að

greiða skuldabréfin á lokagjalddaga og vexti á vaxtagjalddögum og ber einn ábyrgð á þeirri skuldbindingu með eignum sem tilheyra honum hverju sinni eins og fram kemur í kafla 2.3. *Skilmálar skuldabréfsins* í verðbréfalýsingu þessari. Greiði útgefandi ekki á lokagjalddaga skuldabréfanna eða á vaxtagjalddaga er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttavexti, af gjaldfallinni eða gjaldfeldri upphæð, í samræmi við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Undantekning er ef lokagjalddagi skuldabréfanna er ekki bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir.

1.2.8. *Áhætta við slitafærlu*

Hafi greiðsla vaxta eða höfuðstóls ekki verið innt af hendi innan þrjátíu (30) daga eftir lokagjalddaga eða sérhvern vaxtagjalddaga er skuldabréfaeigendum heimilt að fella allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga.

Í samræmi við skilmála skuldabréfaflokksins er skuldabréfaeigendum einnig heimilt að gjaldfella útstandandi höfuðstól skuldabréfanna ef (i) fjárnám verður gert hjá útgefanda, (ii) fram kemur ósk um gjaldþrotaskipti á búi útgefanda, (iii) útgefandi leitar nauðasamninga, (iv) eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppboði eða (v) eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa, er skuldabréfaeigendum heimilt að fella allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga.

Kröfur skuldabréfaeiganda eru jafn rétt háar (e. *pari passu*) innbyrðis. Ef sú staða kemur upp að útgefandi getur ekki staðið við skuldbindingar sínar þá er skuldabréfaeigendum heimilt að gjaldfella útstandandi höfuðstól og verður eignum sjóðsins ráðstafað til uppgjors á skuldum sjóðsins við lánardrottna í samræmi við reglur hans.

Skuldabréfaeigendur IS Fyrirtækjakjalána 1 geta ekki gengið beint að tryggingum lánssamninga útgefanda við mótaðila heldur verður að beina kröfum að útgefanda og ná fram fullnustu gagnvart útgefanda sjálfum en ekki beint gagnvart mótaðilum.

Komi upp sú staða að greiðsludráttur verði af hálfu mótaðila eða gjaldfellingarheimild verður virk, skv. undirliggjandi lánssamningum útgefanda, þá getur útgefandi gripið til fullnustuaðgerða gagnvart viðkomandi mótaðila í samræmi við heimildir viðkomandi lánssamnings. Komi til þess að útgefandi þurfi að ganga að þeim tryggingum sem standa til fullnustu undirliggjandi lánssamnings og sú fullnusta skilar endurheimtum umfram útstandandi kröfur, fer um ráðstöfun þess fjár eftir lögum nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, fyrnast kröfur vegna greiðslna á höfuðstóli verðbréfa á tíu árum frá gjalddaga, og vaxtagreiðslur á fjórum árum frá gjalddaga, sbr. 3. gr.

1.2.9. *Uppgreiðsluáhætta*

Skuldabréfin innihalda uppgreiðsluákvæði og því kann raunveruleg ávöxtun skuldabréfanna að vera óhagstæðari fjárfestum en vænt ávöxtun. Fjárfestar verða því að gera ráð fyrir að skuldabréfin kunni að vera greidd upp að fullu áður en kemur að lokagjalddaga. Áhætta er fólgin í því að fjárfestar geti ekki endurfjárfest uppgreiðslufjárhæðinni á sömu kjörum á markaðinum.

Í einhverjum tilvikum innihalda undirliggjandi lánssamningar jafnframt uppgreiðsluheimild, með eða án uppgreiðslugjalds. Þá kann jafnframt að vera lögð skylda á lántaka að fyrirframgreiða lán, s.s. við breytingu á yfirráðum, sölu eigna eða viðtöku tryggingabóta. Í slíkum tilvikum kann raunveruleg ávöxtun sjóðsins að

vera óhagstæðari en vænt ávöxtun. Auk þess kunna slíkar uppgreiðslur eða fyrirframgreiðslur lántaka að leiða til uppgreiðslu á skuldabréfinu fyrir lokagjalddaga.

1.2.10. Uppgjörsáhætta

Sú áhætta er til staðar, í tengslum við möguleg viðskipti með skuldabréfin, að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma.

1.2.11. Verðtryggingaráhætta

Skuldabréf sjóðsins eru óverðtryggð og eru vextir skuldabréfanna ákvarðaðir úr frá nafnvöxtum undirliggjandi eigna. Undirliggjandi eignir sjóðsins eru að hluta til verðtryggðar.

Verðtryggingin hefur þau áhrif að virði undirliggjandi verðtryggðra eigna sveiflast í takt við breytingar á gildi vísitölu neysluverðs á hverjum tíma. Fyrir verðtryggðar eignir þá þarf að áætla breytingu á vísitölu neysluverðs fram í tímann við útreikning á óverðtryggðum vaxtakjörum skuldabréfsins til þriggja mánaða í senn. Of- eða vanáætlun í verðbótum getur því annaðhvort leitt til of hárra vaxta eða of lágra. Verðbólga hefur því áhrif á virði skuldabréfanna.

1.2.12. Lagaleg og skattaleg áhætta

Um útgáfu skuldabréfanna gilda íslensk lög svo sem þau voru við staðfestingu lýsingar þessarar. Skuldabréfin eru verðbréf og um þau gilda lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og eru rafrænt skráð, sbr. lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

Útgefandi er ekki sjálfstæður lögaðili en er rekinn sem sérhæfður hlutdeildarsjóður, sbr. IX. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Íslandssjóðir hf., rekstraraðili útgefanda fer með stjórn og stýrir daglegum rekstri hans og kemur fram fyrir hönd útgefanda. Hvorki Íslandssjóðir né hlutdeildarskrteinishafar í útgefanda bera ábyrgð á skuldbindingum útgefanda og standa einvörðungu eignir útgefanda til fullnustu skuldbindinga hans, sbr. 71. og 72. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Frá því að útgefandi óskar eftir því að skuldabréf verði tekin til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland gilda um útgefandann og skuldabréfin ákvæði laga, reglugerða og reglna um útgefendur verðbréfa og verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 20/2021, um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu, lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglugerðir og reglur sem settar eru á grundvelli þeirra eins og þau eru í gildi á hverjum tíma. Umsókn útgefanda um töku skuldabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland telst vera fullgild þegar lýsing staðfest af Fjármálaeftirlitinu hefur verið birt.

Að auki við þau lög sem varða verðbréfaviðskipti og útgáfu skuldabréfa þá er útgefandi bundinn af íslenskri skattalöggjöf eins og hún er á hverjum tíma, svo sem lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og lögum um stimpilgjald nr. 138/2013. Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti. Skattalöggjöf kann að breytast með neikvæðum afleiðingum fyrir fjárfesta og útgefanda á líftíma skuldabréfanna. Breytingar á lögum og reglum, dómsúrskurðir eða stjórnvaldsákvæðanir gætu haft áhrif á virði skuldabréfanna til lengri eða

skemmri tíma. Slíkar breytingar gætu leitt til taps fyrir félagið eða með öðrum hætti haft neikvæð áhrif á arðsemi þess eða fjárhagslega stöðu. Útgefandi getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, ákvörðunum stjórnvalda eða öðrum atriðum sem kunna að eiga sér stað á líftíma skuldabréfanna eftir dagsetningu verðbréfalýsingarinnar og hugsanlegum áhrifum þeirra á skilmála skuldabréfanna og virði þeirra.

Breytingar á lögum og reglum, dómsúrskurðir eða stjórnvaldsákvörðanir gætu haft áhrif á starfsemi útgefanda til lengri eða skemmri tíma. Slíkar breytingar gætu leitt til taps fyrir útgefanda eða með öðrum hætti haft neikvæð áhrif á arðsemi þess eða fjárhagslega stöðu. Útgefandi getur eðli málsins samkvæmt ekki ábyrgst áhrif lagabreytinga, dómsúrskurða eða annarra stjórnvaldsákvörðana.

Útgefandi kann að verða aðili að dómsmálum eða kröfugerðum af hendi þriðja aðila. Ekki er hægt að útiloka að dómsúrskurðir eða stjórnvaldsákvörðanir verði útgefanda óhagfelldir.

2. Upplýsingar um skuldabréfin

2.1. Almenn um útgáfuna

Útgefandi var stofnaður sérstaklega í þeim tilgangi að ávaxta þá fjármuni sjóðsins sem aflað var með áskriftarloforðum fjárfesta að hlutdeildarskírteinum útgefanda. Að lokinni áskriftarsöfnun fjárfesti útgefandi í samræmi við fjárfestingarstefnu. Fjárfestingartímabili lauk 23. mars 2024. Nánari umfjöllun um útgefandann, fjárfestingastefnu og mótaðila er að finna í útgefandalýsingu dagsettri 28. október 2024.

Að loknu fjárfestingartímabili voru hlutdeildarskírteini innleyst að mestu leyti og skuldabréfaflokkurinn IS FYR 24 1 afhentur fagfjárfestum í skiptum fyrir hin innleystu hlutdeildarskírteini sem þeir höfðu greitt fyrir. Skuldabréfin voru afhent hlutdeildarskírteinishöfum í sama hlutfalli af heildarútgáfufjárhæð og hlutfallsleg eign þeirra í útgefanda.

Útgáfudagur skuldabréfanna var þann 2. maí 2024 og nam útgáfan kr. 11.542.888.796. Hlutdeildarskírteini að fjárhæð kr. 10.294.202.083 voru innleyst gegn afhendingu á samsvarandi hlutdeild í skuldabréfunum á genginu 1,12 sem nemur hækkun á markaðsvirði sjóðsins frá stofnun hans. Skuldabréfin eru nafnbref, rafrænt skráð hjá Verðbréfamiðstöð Íslands, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík (hér eftir nefnt „verðbréfamiðstöð“). Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka sá um skráningu skuldabréfanna hjá verðbréfamiðstöð. Bréfin eru vistuð á vörslureikning viðkomandi fjárfestis hjá reikningsstofnun að hans vali. Hægt verður að eiga viðskipti með skuldabréfin á eftirmarkaði á líftíma bréfanna. Sala og afhending fór eingöngu fram í skiptum fyrir hlutdeildarskírteini í útgefanda.

Útgáfa skuldabréfanna var einungis boðin afmörkuðum íslenskum fagfjárfestum til kaups, í samræmi við 14. tl. 4 gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og var hún ekki sölutryggð. Ekkert útboð var haldið og því ekki gerð lýsing á þeim grundvelli eins og kveðið er á um í 1. gr. lýsingareglugerðarinnar og sbr. 3. gr. laga um lýsingar.

Allar kröfur til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafn rétt háar innbyrðis (*pari passu*). Óheimilt er að veita einstökum skuldabréfaeigendum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda. Við gjaldþrot eða slit útgefanda stendur krafa um greiðslu á undan almennum og víkjandi kröfum. Við dagsetningu verðbréfalýsingar þessarar eru engar kröfur á útgefanda aðrar en skuldabréfaflokkurinn IS FYR 24 1. Útgefandi ber einn ábyrgð á greiðslum af skuldabréfunum. Skuldabréfin hafa ekki skráð lánshæfismat.

2.2. Heimild til skuldabréfaútgáfu

Útgáfa skuldabréfanna byggir á heimild skv. 10. grein í reglum sjóðsins „Sala og útgáfa skuldabréfa“ sem finna má í kafla 6.6. *Skjöl til sýnis* í útgefandalýsingu IS Fyrirtækjalánasjóðs hs. dagsettri 28. október 2024, en stofnreglur sjóðsins voru settar af stjórn Íslandssjóða þann 19. ágúst 2021.

2.3. Skilmálar skuldabréfsins

Auðkenni: IS FYR 24 1
Útgefandi: IS Fyrirtækjalánasjóður hs.

LEI kóði:	549300UXLM14E9V72L35
ISIN:	IS0000036333
Gjaldmiðill:	ISK
Vextir:	Breytilegir óverðtryggðir vextir sem breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingar á vöxtum undirliggjandi eigna útgefanda.
Dagaregla:	30/360
Fyrsti vaxtagjalddagi:	22. maí 2024
Fjöldi vaxtagjalddagar á ári:	Vextir eru greiddir ársfjórðungslega en fjárhæð hverrar greiðslu getur verið breytileg.
Útgáfudagur:	2. maí 2024
Fjöldi gjalddaga höfuðstóls:	1
Lokagjalddagi:	22. febrúar 2031
Heildarútgáfa:	kr. 11.542.888.796
Útgefið nú:	kr. 11.542.888.796
Nafnverðseining:	kr. 1 (ein króna)
Útreikningsaðili:	Íslandssjóðir hf. ¹

Greiðslur vaxta og höfuðstóls

Skuldabréfin ber að greiða með einni greiðslu á lokagjalddaga. Útgefanda er heimilt að greiða inn á höfuðstól skuldabréfanna á líftíma þess án uppgreiðslugjalds. Í samræmi við skilmála skuldabréfanna mun allt fjárflæði eigna renna til skuldabréfaeigenda að frádregnum opinberum gjöldum og rekstrarkostnaði útgefanda (þ.m.t. þóknun útgefanda) og að teknu tilliti til hugsanlegra endurfjárfestinga í samræmi við reglur útgefanda. Slíkar greiðslur geta verið óreglulegar, þ.e. ef engar afborganir eru greiddar af undirliggjandi eignum kemur ekki til fyrirframgreiðslu skuldabréfanna úr hendi útgefanda. Tilkynnt verður um afborganir í fréttakerfi Nasdaq Iceland. Á lokagjalddaga, 22. febrúar 2031, skulu allar eftirstöðvar höfuðstóls greiddar ásamt áföllnum vöxtum. Heimilt er að greiða skuldabréfin upp fyrir lokagjalddaga, í einni eða fleiri greiðslum.

Vextir eru breytilegir óverðtryggðir vextir sem breytast í samræmi við breytingar á vöxtum undirliggjandi eigna útgefanda sem er á nokkuð fjölbreyttum vaxtagrunni. Vextir lánasafnsins, að frádregnum kostnaði og að teknu tilliti til endurheimta, mynda vaxtagrunn skuldabréfsins en vextir námu 9,42% á ársgrundvelli á fyrsta vaxtatímabili bréfsins.

Undirliggjandi eignir eru lánessamningar við mótaðila, sbr. nánari lýsing í kafla 2.3.1 *Undirliggjandi eignir*. Fimm dögum fyrir upphaf hvers vaxtatímabils eru vextir ákvarðaðir af sjóðstjórum út frá áætluðum greiddum vöxtum undirliggjandi eigna útgefanda á því tímabili, að frádregnum kostnaði útgefanda í samræmi við reglur hans, og tilkynntir skuldabréfaeigendum. Tilkynnt verður um vaxtagreiðslur í fréttakerfi Nasdaq Iceland. Íslandssjóðir hf. sjá um útreikning og birtingu vaxta.

¹ Á grundvelli 29. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020 hafa Íslandssjóðir hf. gert samkomulag við Íslandsbanka hf. að sjá um afmörkuð verkefni fyrir sjóðinn, þar á meðal útreikning á innlausnarvirði.

Gjalddagar vaxta eru fjórum (4) sinnum á ári, sá fyrsti þann 22. maí 2024, og á þriggja mánaða fresti þar á eftir. Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal greiðsludagur vera næsti bankadagur þar á eftir. Bankadagur í skuldabréfum þessum telst vera virkur dagur þegar bankar eru almennt opnir á Íslandi.

Greiðslustaður er hjá reikningsstofnunum, í samræmi við greiðsluupplýsingar frá verðbréfamiðstöð, og ber hver reikningsstofnun ábyrgð á útdeilingu greiðslna til skuldabréfaeigenda.

Dráttarvextir

Greiði útgefandi ekki sammingsbundnar afborganir og vexti á lokagjalddaga skuldabréfanna eða á sérhverjum vaxtagjalddaga er skuldabréfaeigendum heimilt að innheimta dráttarvexti, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni fjárhæð. Komi til þess að gjalddagi skuldabréfanna falli á dag sem ekki er bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, er skuldabréfaeigendum ekki heimilt að innheimta dráttarvexti.

2.3.1. Undirliggjandi eignir

Skuldabréfin fela ekki í sér bein veð heldur standa allar eignir útgefanda til tryggingar á greiðslu þeirra. Í eignasafni útgefanda eru langtímakröfur, verðbréf með breytilegum tekjum og handbært fé. Samkvæmt ársreikningi útgefanda frá 31. desember 2023 er bókfært virði fjárfestinga 10.718 m.kr. en þær samanstanda helst af fjárfestingum í kröfum samkvæmt lánsamningum.

Um fjárfestingar sjóðsins og viðmið sem sett eru fyrir lánveitingu sjóðsins, s.s. tegundir lántaka, lágmarksfjárhæðir, lánstíma, endurgreiðslu vaxta og afborgana, tryggingar og veðhlutföll og verðlagningu vísast til umfjöllunar um fjárfestingastefnu, sem er að finna í útgefandalýsingu dagsettri 28. október 2024. Fjárfestingartímabili sjóðsins lauk 24. mars 2024.

Sjóðurinn hefur gert 9 lánsamninga við 9 mótaðila en auk þess hefur sjóðurinn fjárfest í hlutdeildarskírteinum lausafjár sjóðsins IS Lausafjár safn hf. Í töflunni hér að neðan eru upplýsingar um stöðu og líftíma undirliggjandi eigna m.v. lok fjárfestingartímabils. Miðað er við hlutfall heildaráskriftarlorfóða.

Mótaðili	Staða*	Útgáfudagur	Lokagjalddagi	Tegund	Vextir	Vtr/Óvtr	Hlutfall
1	684.056.923	21.3.2022	5.3.2027	Fastir	3,40%	Vtr.	5.3%
2**	4.027.055.556	20.8.2022	30.9.2029	Breytilegir	11,76%	Óvtr.	31.4%
3	519.213.536	28.2.2023	15.4.2028	Breytilegir	6,00%	Vtr.	4.1%
4	461.611.689	2.5.2023	5.5.2028	Breytilegir	12,06%	Óvtr.	3.6%
5	532.030.682	16.6.2023	20.7.2028	Breytilegir	6,20%	Vtr.	4.2%
6	2.281.260.938	22.6.2023	5.5.2028	Breytilegir	12,23%	Óvtr.	17.8%
7	591.970.764	16.10.2023	15.10.2028	Breytilegir	11,61%	Óvtr.	4.6%
8	1.506.681.913	15.12.2023	5.12.2028	Breytilegir	6,20%	Vtr.	11.8%
9	985.788.724	21.2.2024	10.3.2029	Breytilegir	5,75%	Vtr.	7.7%
Samt.							90.5%

*Staða eignasafns m.v. 24. mars 2024

** Míla Holding hf.

Meðalkrafa verðtryggðra fjárfestinga er um 5,6% og óverðtryggðra fjárfestinga er um 11,9% þegar lýsingin er gefin út.

Í eftirfarandi töflu er að finna almennar lýsingu á mótaðilum sjóðsins og atvinnugrein. Allir mótaðilar eru stofnaðir og skráðir til heimilis á Íslandi.

Mótaðili	Fjöldi starfsmanna	Rekstrartími	Félagaform	Atvinnugrein
1	Færri en 50 (lítið)	5 ár	ehf.	Fasteignafélög
2**	Færri en 50 (lítið)	4 ár	hf.	Upplýsingar og fjarskipti
3	Færri en 50 (lítið)	15 ár	ehf.	Fasteignafélög
4	50-249 (meðalstórt)	5 ár	ehf.	Verslun og þjónusta
5	Fleiri en 250 (stórt)	60 ár	ehf.	Verslun og þjónusta
6	Fleiri en 250 (stórt)	75 ár	hf.	Sjávarútvegur
7	50-249 (meðalstórt)	30 ár	ehf.	Iðnaður og samgöngur
8	Færri en 50 (lítið)	30 ár	ehf.	Ferðaþjónusta
9	Færri en 50 (lítið)	15 ár	ehf.	Fasteignafélög

** Míla Holding hf.

Til tryggingar endurgreiðslu langtímakrafna hafa lántakendur veitt útgefanda veð í m.a. fasteignum, skipum og fastafjármunum en meðalveðsetning fjárfestinga m.v. upphaflegt láns hlutfall var um 56%. Sjóðurinn fjárfestir samhliða Íslandsbanka hf. og er því veðhafi trygginga ásamt Íslandsbanka hf. Samkvæmt umsýslu- og veðgæslusamningi njóta veðhafar, eins og þeir eru á hverjum tíma, hlutfallslega jafns réttar til úthlutunar á andvirði veðsettra eigna.

Mótaðili	Tegund trygginga	Virði fasteigna*	Virði veðs. eigna*	Veðr.	LTV
1	Fasteign	2.020.000.000	2.020.000.000	1	66%
2**	Hlutabréf (ring fence og negative pledge)	-	69.500.000.000	1	39%
3	Fasteignir	3.148.000.000	3.148.000.000	1	59%
4	Rekstrarveð, hlutabréf dótturf., birgðir, kröfur og fasteignir	2.020.296.485	3.725.672.595	1	65%
5	Fasteignir	8.506.499.999	8.506.499.999	1	59%
6	Skip, kvóti og fasteignir	7.045.300.000	47.968.000.000	1	80%
7	Fasteignir	3.365.000.000	3.365.000.000	1	58%
8	Fasteignir	16.174.258.000	16.174.258.000	2	39%
9	Fasteignir	5.826.184.341	5.826.184.341	2	70%
Samt.					56%

*M.v. útgáfudag samnings

** Míla Holding hf.

Undirliggjandi lánssamningar kveða almennt ekki á um sérstaka heimild til þess að skipta út tryggingum og eru slíkar beiðnir metnar hverju sinni. Íslandsbanki hf. sem veðgæsluaðili kemur fram fyrir hönd útgefanda samkvæmt umsýslu- og veðgæslusamningi en allar breytingar á veðskjöllum eru háðar samþykki útgefanda. Útgefanda ber að bera verulegar breytingar á tryggingum undir fjárfestingarráð í samræmi við reglur sjóðsins. Í öllum tilvikum þurfa nýjar tryggingar, sem koma í stað núverandi trygginga, að uppfylla kröfur sjóðsins um verðmæti trygginga, veðhlutföll og verðlagningu.


Á hverjum tíma er útgefanda heimilt skv. fjárfestingarstefnu að eiga reiðufé á innlánsreikningi eða í lausafjár sjóðum. Komi til uppgreiðslu langtímakrafna er útgefanda heimilt að binda þá fjármuni í peningamarkaðsgerningum, reiðufé, innlánnum eða hlutdeildarskírteinum sjóða (lausafjár sjóða), eins og greinir í fjárfestingarstefnu.

Um eignasafnið gilda almennar reglur samninga- og kröfurettar, viðeigandi íslensk lög svo sem lög nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, lög nr. 75/1997 um samningsveð og lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Uppbygging og sjóðstreymi

Útgefandi gegnir hlutverki milliliðar sem tekur við fé frá fjárfestum og lánar það út til fyrirtækja eða annarra aðila sem uppfylla kröfur fjárfestingarstefnusjóðsins með það fyrir augum að ná ákveðnu ávöxtunarmarkmiði. Fjárfestingar sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga hans og mun því greiðslugeta sjóðsins vera háð greiðslugetu mótaðila hans.

Hlutdeildarskírteinishafar samanstanda af fagfjárfestum en þeir lögðu útgefanda til fjármagn með undirritun áskriftarsamnings. Fjárfestingartímabili lauk þann 24. mars 2024. Að fjárfestingartímabili loknu ákvað útgefandi að gefa út skuldabréf í þeim tilgangi að innleysa hlutdeildarskírteini fjárfesta að mestu leyti. Hér að neðan má sjá hvernig sjóðstreymi viðskiptanna er uppbyggt.



Fjármagnið var nýtt til að fjárfesta samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins og eru mótaðilar/lántakendur sjóðsins fyrirtæki eða aðilar í fjölmörgum atvinnugreinum íslensks efnahagslífs. Að loknu fjárfestingartímabili var skipting milli atvinnugreinaflokka eftirfarandi m.v. heildaráskriftarloforð eftirfarandi:

Hlutfall	Atvinnugrein
31,4%	Upplýsingar og fjarskipti
17,8%	Sjávarútvegur
17,1%	Fasteignafélög
11,8%	Ferðaþjónusta
7,8%	Verslun og þjónusta
4,6%	Iðnaður og samgöngur

Skuldabréfin eru óverðtryggð með breytilegum vöxtum og með lokagjalddaga 22. febrúar 2031. Í samræmi við skilmála skuldabréfanna mun allt fjárflæði eigna renna til skuldabréfaeigenda að frádregnum opinberum gjöldum og rekstrarkostnaði útgefanda (þ.m.t. þóknun útgefanda) og að teknu tilliti til hugsanlegra endurfjárfestinga í samræmi við reglur útgefanda. Slíkar greiðslur geta verið óreglulegar og greiðast eftir ákvörðun útgefanda og að teknu tilliti til greiðslu afborgana af undirliggjandi eignum. Íslandsbanki hf., sem umsýsluaðili lánsamninganna, sér um innheimtu þeirra fyrir hönd útgefanda.

Vaxtatímabil er þrjú mánuðir og er fyrsti vaxtagjalddagi 22.05.2024 og svo á þriggja mánaða fresti fram að lokagjalddaga. Fimm dögum fyrir upphaf hvers vaxtatímabils verða vextir fyrir komandi vaxtatímabil ákvarðaðir út frá áætluðum greiddum vöxtum og tilkynntir skuldabréfaeigendum. Eftir að skuldabréfið hefur verið skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland, verður slík tilkynning birt opinberlega. Íslandssjóðir, sem útreikningsaðili, sér um ákvörðun vaxta.

Tímabundnu umframlausafé verður fjárfest í samræmi við 8. gr. reglna sjóðsins, sbr. 2. og 3. tölul. 7. gr. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta lausu fé sjóðsins tímabundið í peningamarkaðsgerningum, innlánum eða hlutdeildarskírteinum sjóða (lausafjár sjóða). Sjóðnum er jafnframt heimilt að eiga tímabundið fasteignir sem og aðra fasta- og lausafjármuni sem sjóðurinn kann að þurfa leysa til sín í tengslum við fullnustu krafna. Sjóðurinn mun leitast við að selja slíkar eignir eins fljótt og kostur er gegn verði sem telja verður viðunandi enda þjóni það hagsmunum sjóðsins. Sjóðurinn hefur heimild til skammtímalántöku hjá lánastofnun eða öðrum lánveitendum á markaði ef það er liður í að verja hagsmuni sjóðsins.

Útgefandi er beinn kröfuhafi á lántaka samkvæmt undirliggjandi lánsamningum og gegnir stöðu þriðja aðila á milli lántaka og skuldabréfaeigenda. Útgefandi hefur gert veðgæslusamning við Íslandsbanka hf. þar sem Íslandsbanki hf., sem veðgæsluaðili, heldur utan um og annast veðréttindi veðhafa sem standa til tryggingar undirliggjandi lánsamningum, hefur umsjón með þeim og framfylgi réttindum og sameiginlegum ákvörðunum veðhafa fyrir þeirra hönd. Útgefandi getur, í samræmi við veðgæslusamning við Íslandsbanka hf., gengið til fullnustuaðgerða og tekið yfir undirliggjandi tryggingar, komi til vanefnda lántaka.

Kröfur skuldabréfaeigenda eru ávallt jafnréttáar (e. pari passu) innbyrðis. Með þessu fyrirkomulagi er fjárfestum gert kleift að standa jafnfætis gagnvart tryggingunum. Um ráðstöfun tekna sjóðsins vísast til umfjöllunar í útgáfulýsingu, kafla 2.7, dags. 28, október 2024.

Upplýsingar um viðskipti að útgáfu lokinni

Engin áform eru hjá útgefanda að birta upplýsingar um verðþróun undirliggjandi eigna eða að veita aðrar upplýsingar um skuldabréfin en gildandi lög og reglur Nasdaq Iceland kveða á um. Upplýsingar má nálgast á vefsíðu útgefanda <https://www.islandssjodir.is/serhaefdar-fjarfestingar/is-fyrirtaekjalanasjodur/>.

2.3.2. Gjaldfelling vegna vanskila

Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannanlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti, af gjaldfallinni eða gjaldfældri upphæð, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Undantekning er ef gjalddagi skuldabréfanna er ekki bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir.

Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga er skuldabréfaeiganda heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Nýti skuldabréfaeigandi heimild til gjaldfellingar skal hann þegar í stað senda tilkynningu um slíkt til útgefanda og til Nasdaq Iceland. Verði skuldin gjaldfelld samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá útgefanda til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. t.l. 1.mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7. gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta dráttavaxta, auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

Ef fjárnám verður gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga, eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppbóði, eða ef eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa, er skuldabréfaeigendum heimilt að fella allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga.

2.3.3. Sérstök skilyrði skuldabréfaflokksins IS FYR 24 1

Verði útgefandi uppvis að brotum á neðangreindum skilyrðum myndast gjaldfellingarheimild, sbr. nánar í kafla 2.3.2 *Gjaldfelling vegna vanskila*.

Jafn réttháar kröfur: Kröfur samkvæmt skuldabréfunum sem og kröfur útgefanda við lántaka standa ávallt jafnar og óheimilt er að inna af hendi greiðslu til eins eða fleiri skuldabréfaeiganda nema að sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigendanna.

Bann við veðsetningu og framsali: Útgefanda er ekki heimilt að veðsetja neinar eignir sínar eða veita aðra sambærilega tryggingu í eignum sínum. Engar takmarkanir eru á framsali skuldabréfsins, en framselja skal skuldabréfið til nafngreinds aðila.

Skráning í kauphöll: Skuldabréfið verður skráð á skipulegan markað innan 180 daga frá útgáfudegi. Verði skuldabréfið ekki tekið til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland innan þess tímamarks er skuldabréfaeigendum heimilt að fella eftirstöðvar skuldabréfsins í gjalddaga.

Breytingar á reglum sjóðsins: Útgefandi gerir breytingar á þeim reglum sínum sem þarfnast samþykkis 66,67% skuldabréfaeigenda, án þess að slíkt samþykki sé fyrir hendi.

Gjaldfelli eigandi skuldabréfs í skuldabréfaflokknum kröfu sína í samræmi við ákvæði skuldabréfaflokksins áður en til skráningar kemur skal útgefandi upplýsa aðra skuldabréfaeigendur um slíka gjaldfellingu.

2.3.4. Skilmálabreyting

Til þess að samþykkja skilmálabreytingar á skuldabréfaflokknum þarf útgefandi samþykki 66,67% eigenda útgefinna skuldabréfa miðað við fjárhæð. Útgefandi skal annast fundarboðun skuldabréfaeigenda. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldabréfanna.

2.3.5. Upplýsingaöflun

Til að tryggja réttindi skuldabréfaeigenda og upplýsingagjöf til þeirra, skal útgefanda vera heimilt að afla upplýsinga hjá verðbréfamiðstöð um skráða skuldabréfaeigendur á hverjum tíma.

2.3.6. Framsal

Engar takmarkanir eru á framsali skuldabréfa annað en að framselja skal skuldabréfin til nafngreinds aðila.

2.3.7. Ágreiningsmál

Rísi mál út af skuldabréfum þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Sé málið höfðað til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfinu skal það rekið samkvæmt reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

2.3.8. Afskráning

Skuldabréfin verða afskráð sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð um greiðslufall skuldabréfanna og skal í því tilviki senda verðbréfamiðstöð tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

2.4. Upplýsingar um mótaðila útgefanda í fjárfestingum

Lögformlegt heiti:	Míla Holding hf.
Kennitala:	620921-2540
Höfuðstöðvar & lögheimili:	Stórhöfði 22-30, 110 Reykjavík
Félagaform:	Hlutafélag
Hluthafar:	Sunstone III ehf.
Stofndagur:	15. september 2021



Míla Holding hf. („**Míla Holding**") var stofnað sem hlutafélag þann 15. september 2021 og lýtur lögum númer 2/1995 um hlutafélög. Félagið hét áður Sunstone IV hf. en nafnbreyting þess var skráð hjá fyrirtækjaskrá þann 24. júlí 2024. Míla Holding er mótaðili 2 í töflu í kafla 2.3.1.

Tilgangur Mílu Holding, samkvæmt 2. gr. samþykktu félagsins dagsettu 20. júní 2024, er kaup, sala, eignarhald verðbréfa, eign, leiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur. Félagið var stofnað í tengslum við kaup, tveggja sjóða í eigu sjóðastýringarfyrirtækisins Ardian France SA og íslenskra stofnanafjárfesta, á öllu hlutafé Mílu hf., heildsölufyrirtækis á fjarskiptamarkaði á Íslandi, af Símanum hf. Míla Holding er móðurfélag Mílu og meginilgangur þess er fjármögnun á fyrrnefndum kaupum. Kaupverð hlutafjár Mílu var 50,2 milljarðar króna, þar af var 32,7 milljarður króna greitt með reiðufé og 17,5 milljarðar með seljandaláni frá Símanum. Eftirstöðvarnar voru greiddar með lánnum frá þriðja aðila og skuldabréfinu MILA 300929 sem útgefið var af Mílu Holding.

Skuldabréf Mílu Holding hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland.

Um aðra mótaðila vísast til samandreginna upplýsinga í kafla 2.3.1 að ofan.

2.5. Rekstraraðili útgefanda

Íslandssjóðir hf., kennitala 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er rekstraraðili útgefanda. Íslandssjóðir eru með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Félagið er jafnframt með starfsleyfi fyrir eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf. Íslandssjóðir fara með stjórn og stýra daglegum rekstri útgefanda og bera ábyrgð á rekstrinum. Í rekstri útgefanda felst m.a. eignastýring, áhættustýring og ýmis umsýsluverkefni. Íslandssjóðir koma fram fyrir hönd útgefanda. Nánari umfjöllun um rekstraraðila útgefanda má finna í kafla 3 *Upplýsingar um rekstraraðila* í útgefandalýsingu IS Fyrirtækjalánasjóðs hs. dagsettri 28. október 2024.

2.6. Ábyrgð á greiðslu útgáfu

Útgefandi ber einn ábyrgð á greiðslu þessa skuldabréfs, en um er að ræða sérhæfðan sjóð, rekinn af rekstraraðilanum Íslandssjóðum. Útgefandi ber ábyrgð á fjárskuldbindingum sínum, eingöngu með eignum sem að honum tilheyra. Íslandssjóðir hf. bera ekki ábyrgð á skuldbindingum útgefanda og bera því hvorki ábyrgð á greiðslu afborgana höfuðstóls, vaxta, innheimtukostnaðar né sérhverjum öðrum greiðslum vegna þessa skuldabréfs, hvort að hluta né í heild sinni.

Útgefandi mun með milligöngu verðbréfamiðstöðvar greiða af skuldabréfunum höfuðstól og vexti á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa falið vörslu á skuldabréfum sínum. Á dagsetningu verðbréfalýsingar þessarar annast Íslandsbanki hf. endanlegar greiðslur inn á vörslureikning skuldabréfaeiganda ásamt útreikning á greiðslum fyrir hönd útgefanda.

2.7. Verðmat og bókfært virði eigna

Mat á eignum útgefanda fer eftir lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Eignir útgefanda skulu á hverjum tíma endurspeglar raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Kröfur skulu uppreiknaðar og samanstanda af eftirstöðvum höfuðstóls, uppsöfnuðum vöxtum og verðbótum. Innlán og reiðufé skal metið á nafnvirði ásamt áföllnum vöxtum. Fjármálagerningar sem skráðir eru eða teknir til viðskipta á skipulegum markaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi markaðar. Virði annarra eigna er háð mati rekstraraðila, undir eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Rekstraraðili getur samið við þriðja aðila um annast mat á óskráðum eignum útgefanda. Bókfært virði eigna samkvæmt framansögðu verður ekki tilkynnt fjárfestum sérstaklega en mun koma fram í ársreikningum og árshlutareikningum útgefanda.

2.8. Vörsluaðili

Samkvæmt 32. gr. laga nr. 45/2020 skal rekstraraðili tryggja að fyrir sérhvern sérhæfðan sjóð sem hann rekur sé skipaður einn vörsluaðili. Samkvæmt 33. gr. laganna geta meðal annars lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki hlotið viðurkenningu sem vörsluaðili. Íslandsbanki hf. er vörsluaðili útgefandans sbr. IV. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og annast einnig tiltekin verkefni fyrir Íslandssjóði samkvæmt sérstökum útivistunarsamningum.

Skyldur vörsluaðila felast m.a. í því að vakta sjóðstreymi sjóðs, tryggja að allir fjármunir séu lagðir inn á reikninga sjóðsins, varðveita alla fjármálagerninga sjóðs og sannreyna eignarhald á öðrum eignum, tryggja

aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum og að vörslureikningar séu í nafni sjóðsins svo að ávallt sé unnt að auðkenna að fjármálagerningar tilheyri sjóðnum. Jafnframt ber vörsluaðila að tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina fari samkvæmt lögum og reglum sjóðs, tryggja að útreikningur á virði hlutdeildarskírteina sé framkvæmdur að lögum og reglum sjóðs, framfylgja fyrirmælum rekstraraðila nema þau séu í andstöðu við lög og reglur sjóðs, tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka og að tekjur sjóðs séu notaðar í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Vörsluaðili ber, lögum samkvæmt, ábyrgð gagnvart sjóðnum og fjárfestum hans á því þegar fjármálagerningur í vörslu hans glatast. Vörsluaðili ber jafnframt ábyrgð á öðru tjóni sem hann af ásetningi eða af gáleysi veldur sjóðnum eða fjárfestum hans við framfylgd verkefna sinna. Beri vörsluaðili bótaábyrgð gagnvart fjárfesti í sjóðnum getur bótakröfu fjárfestis verið beint að vörsluaðila af hálfu sjóðsins eða rekstraraðila fyrir hans hönd

2.9. Lög sem gilda um skuldabréfin

Útgáfa skuldabréfanna lýtur viðeigandi íslenskum lögum sem í gildi eru við staðfestingu lýsingar þessarar. Skuldabréfin eru verðbréf og um þau gilda lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Um þau gilda jafnframt lög nr. 7/2020 um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu sem og óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf, auk annarra almennra reglna íslensks samninga- og kröfuréttar.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, fyrnast kröfur vegna greiðslna á höfuðstóli verðbréfa á tíu árum frá gjalddaga, og vaxtagreiðslur á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga. Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

2.10. Skattamál

Skráð skrifstofa útgefanda er á Íslandi og þar er einnig óskað eftir töku skuldabréfanna til viðskipta. Fer um skattalega meðferð skuldabréfanna samkvæmt íslenskri skattalöggjöf á hverjum tíma. Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Skuldabréfaeigendur bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagnstekna sinna af skuldabréfunum. Reikningsstofnanir sem varsla skuldabréfin fyrir skuldabréfaeigendur annast útreikning og staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna.

Skattalög aðildarríkis fjárfesta og skráningarlands útgefanda gætu haft áhrif á tekjur af skuldabréfunum. Mælt er með því að fjárfestar kynni sér íslenska og eftir atvikum erlenda skattalöggjöf og athugi að breytingar kunna að verða á lögum. Fjárfestum er ráðlagt að leita ráðgjafar frá þriðja aðila varðandi skattalegar afleiðingar þess að fjárfesta í skuldabréfum. Skuldabréfin eru ekki stimpilskyld sbr. ákvæði laga nr. 138/2013.

2.11. Taka skuldabréfanna til viðskipta á skipulegum markaði

Sótt verður um að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland. Verði umsóknin samþykkt er stefnt að töku allra útgefina skuldabréfa í flokknum til viðskipta í beinu framhaldi. Auðkenni skuldabréfaflokksins í viðskiptakerfi Nasdaq Iceland verður IS FYR 24 1.

2.11.1. Kostnaður vegna töku til viðskipta

Útgefandi ber allan kostnað sem hlýst af því að fá skuldabréfaflokkinn tekinn til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Heildarkostnaður er áætlaður kr. 5.600.000 og samanstendur af skráningargjaldi Nasdaq Iceland vegna töku bréfanna til viðskipta, þóknun skv. gjaldskrá verðbréfamiðstöðvar vegna rafrænnar skráningar bréfanna, kostnaði vegna yfirferðar og staðfestingar lýsingar hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og þóknunar til Íslandsbanka hf. vegna umsjónar með sölu bréfanna og gerð lýsingar.

2.11.2. Tilgangur með töku skuldabréfanna til viðskipta

Tilgangur með því að óska eftir töku skuldabréfanna til viðskipta á skipulegum markaði er að auka markaðshæfi skuldabréfanna og tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf um m.a. fjárhagsstöðu útgefanda séu í samræmi við reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefnar af Nasdaq Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma.

3. Tilkynning til fjárfesta

Lýsing útgefanda, dagsett 28. október 2024, varðar umsókn útgefanda um töku skuldabréfaflokksins IS FYR 24 1 til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland.

Verðbréfalýsing þessi er gerð í samræmi við lög nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og reglugerð nr. 274/2020 um framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129, að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Verðbréfalýsing þessi fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðauka 14 og 19 í framseldri reglugerð (ESB) nr. 2019/980.

Lýsingin er útbúin af Íslandsbanka og byggir alfarið á gögnum frá útgefanda og rekstraraðila. Lýsingin samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum: verðbréfalýsingu þessari dagsettri 28. október 2024, útgefandalýsingu, dagsettri 28. október 2024 og samantekt, dagsettri 28. október 2024. Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda <https://www.islandssjodir.is/serhaefdar-fjarfestingar/is-fyrirtaekjalanasjodur/>. Fjárfestar geta einnig óskað eftir eintaki af lýsingunni á prentuðu formi á skrifstofu útgefanda, Hagasmára 3, 201 Kópavogi.

Fjárfestar ættu ætíð að byggja ákvörðun sína um fjárfestingu í skuldabréfaflokknum á eigin skoðun eða óháðri ráðgjöf sem þeir telja viðeigandi. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel undirliggjandi tryggingar skuldabréfaflokksins og alla skilmála hans áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í skuldabréfunum. Fjárfestar eru enn fremur hvattir til að kynna sér vel innihald kafla 1 *Áhættuþættir* í verðbréfalýsingu þessari sem og kafla 1 *Áhættuþættir* í útgefandalýsingu IS Fyrirtækjalánasjóðs hs. dagsettri 28. október 2024.

Fjárfestar verða sjálfir að taka ákvörðun um hvort fjárfesting í bréfunum sé góður kostur fyrir þá. Fjárfestum er einkum bent á að huga að eftirfarandi þáttum:

- Fjárfestar þurfa að búa yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til að meta virði skuldabréfanna og lausafjárstöðu útgefanda með fullnægjandi hætti. Fjárfestar verða að gera sér grein fyrir áhættunni sem fylgir fjárfestingum í skuldabréfunum og hafa kynnt sér rækilega innihald lýsingarinnar og eftir atvikum annars efnis um útgefanda.
- Fjárfestar verða að vera færir um að meta með fullnægjandi hætti áhrif fjárfestingar í skuldabréfunum á eigin eigna- og fjárhagsstöðu. Fjárfestar verða að búa yfir nægilegri fjárfestingagetu og lausafé til að bera áhættuna sem fylgir kaupum á skuldabréfunum.
- Fjárfestar verða að kynna sér og skilja skilmála skuldabréfanna og vera kunnugir eðli fjármagnsmarkaða. Fjárfestar verða að vera færir um að meta, ýmist sjálfir eða með hjálp ráðgjafa, hvaða áhrif sveiflur í rekstri útgefanda, breytingar á vaxtastigi eða aðrir sambærilegir þættir geta haft á fjárfestingar í skuldabréfunum.
- Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á skuldabréfum útgefnum af útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem eru hluti af verðbréfalýsingunni skal hvorki senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur

viðeigandi landa. Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem eru hluti af verðbréfalýsingunni skal þannig meðal annars hvorki senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japans. Hvorki Íslandsbanki sem umsjónaraðili eða útgefandi eru skaðabótaskyldir vegna dreifingar á lýsingunni til þriðja aðila.

3.1. Skjöl til sýnis

Á meðan verðbréfalýsing þessi, dagsett 28. október 2024, er í gildi er heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl (eða afrit þeirra) á skrifstofu Íslandssjóða hf., Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Skjölin eru auk þess alltaf aðgengileg á rafrænu formi á vefsíðu félagsins, slóð: <https://www.islandssjodir.is/serhaefdar-fjarfestingar/is-fyrirtaekjalanasjodur/>:

- Útgáfulýsing IS Fyrirtækjalánasjóðs hs., dagsett 28. október 2024 2024.
- Lýsing og reglur IS Fyrirtækjalánasjóðs hs., dagsettar 19. ágúst 2021, eins og þeim hefur verið breytt.

Á meðan lýsingin er í gildi má nálgast hana, ásamt fyrrnefndum skjölum, á rafrænu formi á vefsíðu útgefanda, <https://www.islandssjodir.is/serhaefdar-fjarfestingar/is-fyrirtaekjalanasjodur/>. Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda.

3.2. Umsjónaraðili útgáfunnar og töku skuldabréfanna til viðskipta

Umsjónaraðili töku skuldabréfanna til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland er fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Verðbréfamiðlun Íslandsbanka var umsjónaraðili með útgáfu skuldabréfanna.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur jafnframt verið með umsjón við gerð lýsingar útgefanda dagsettrar 28. október 2024, vegna töku skuldabréfaflokksins til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland. Lýsingarnar eru byggðar á upplýsingum frá útgefanda og rekstraraðila.

Íslandsbanki þiggur þóknun fyrir aðkomu sína að þessum verkefnum.

Samskiptaupplýsingar Íslandsbanka:

Kennitala: 491008-0160

LEI auðkenni: 549300PZMFIQR79Q0T97

Aðsetur: Hagasmári 3, 201 Kópavogur, Iceland

Tölvupóstur: fyrirtaekjaradgjof@islandsbanki.is

Sími: +354 440 4000

3.3. Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í verðbréfalýsingu þessari byggja m.a. á gögnum sem útgefandi hefur aflað sér frá þriðja aðila. Útgefandi staðfestir, að því marki sem honum er unnt og kunnugt um, að þær upplýsingar sem hann styðst við frá þriðja aðila eru rétt eftir hafðar og að engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi.

Upplýsingar í verðbréfalýsingu þessari byggja ekki á yfirlýsingum utanaðkomandi sérfræðinga eða þriðja aðila.

3.4. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Íslandssjóðir sjá um rekstur og stýringu sjóðsins og eru Íslandssjóðir í eigu Íslandsbanka hf. sem mun m.a. annast uppgjör og vörslu eigna sjóðsins samkvæmt samningi. Athygli er vakin á hagsmunum útgefanda, Íslandssjóða og Íslandsbanka vegna töku skuldabréfa IS Fyrirtækjalánasjóðs hs. til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

- Íslandsbanki hf. er eigandi Íslandssjóða hf., rekstraraðila sérhæfða sjóðsins IS Fyrirtækjalánasjóðs hs., sem er útgefandi skuldabréfaflokksins IS FYR 24 1 sem lýsing þessi fjallar um. Sjóðstjórar útgefanda er jafnframt starfsmenn Íslandssjóða. Íslandsbanki, sem umsýsluaðili lánssamnings, hefur umsjón með útreikningi og framkvæmd greiðslna útgefanda samkvæmt ákvæðum skuldabréfanna.
- Íslandsbanki hf. er vörsluaðili útgefandans sbr. IV. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og annast einnig tiltekin verkefni fyrir Íslandssjóði samkvæmt sérstökum útivistunarsamningum. Íslandsbanki hf. sér m.a. um markaðssetningu, útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina og aðra þjónustu við viðskiptavinum, útreikning á innlausnarvirði og að viðhalda skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina og uppgjör viðskipta. Einnig sér Íslandsbanki um innheimtu umsjónarlauna og vörsluþóknunar fyrir sjóðinn. Svið Regluvörslu og Innri endurskoðunar Íslandsbanka sinnir jafnframt ákveðnum eftirlitsþáttum fyrir Íslandssjóði á grundvelli útivistunarsamninga. Jafnframt annast Íslandsbanki greiðslur útgefandans til skuldabréfaeigenda skv. skilmálum skuldabréfanna sem lýsing þessi tekur til. Íslandsbanki fær greidda þóknun frá Íslandssjóðum vegna útvistaðra verkefna og eins fyrir að sinna hlutverki vörsluaðila samkvæmt vörslusamningi aðila.
- Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hefur verið ráðgjafi Íslandssjóða við gerð lýsingarinnar ásamt því að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka þiggur þóknun fyrir störf sín fyrir útgefanda.
- Íslandsbanki er viðskiptabanki útgefanda.
- Íslandssjóðir hljóta umsýsluþóknun fyrir rekstur sjóðsins.
- Allar lánveitingar sjóðsins hafa verið gerðar þar sem Íslandsbanki er meðlánveitandi sjóðsins í hverri lánveitingu.

IS Fyrirtækjalánasjóður hs., Íslandssjóðir og Íslandsbanka sem umsjónaraðila er ekki skylt að meta hvort kaup á verðbréfum sem þessi lýsing tekur til er viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021. IS Fyrirtækjalánasjóður hs., Íslandssjóðir og Íslandsbanki fara fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér vel alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem nefndir eru í lýsingu þessari og leita sér óháðrar ráðgjafar um það álitaefni eins og við á.

Íslandsbanki hefur sett sér stefnu um hagsmunaárekstra, sem finna má útdrátt úr á vefslóðinni: https://cdn.islandsbanki.is/image/upload/v1/documents/utdrattur_stefna_um_hagsmunaarekstra.pdf.²

² Upplýsingar á vefsetri eru ekki hluti lýsingar nema þær séu felldar sé inn með tilvísun.

Í reglum IS Fyrirtækjalánasjóðs hs. er einnig fjallað um hugsanlega hagsmunaárekstra en þar kemur fram að Íslandssjóðir sjá um rekstur og stýringu sjóðsins og eru Íslandssjóðir í eigu Íslandsbanka hf. sem mun m.a. annast umsýslu lánasafns, uppgjör og vörslu eigna sjóðsins samkvæmt samningi og sem lánveitandi við hlið sjóðsins.

Hagsmunaárekstrar geta komið upp þegar rekstraraðili og/eða starfsmenn hans þjóna hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og eru í aðstöðu til að láta einn aðila í betri aðstöðu á kostnað annars aðila. Í starfsemi rekstraraðila geta t.d. skapast kringumstæður þar sem hagsmunir viðskiptavinar, starfsmanna, rekstraraðilans eða sjóðs eru ekki þeir sömu.

Við veitingu þjónustu í tengslum við sjóðastýringu eða aðra starfsemi Íslandssjóða geta hagsmunaárekstrar myndast ef Íslandssjóðir, starfsmenn Íslandssjóða eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur Íslandssjóðum í gegnum yferráð:

- a) sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ágóða eða forðast fjárhagslegt tap á kostnað sjóðsins,
- b) hefur hagsmuna að gæta af niðurstöðu þeirrar þjónustu sem sjóðnum er veitt eða viðskipta fyrir hönd sjóðsins eða annars viðskiptavinar og þessir hagsmunir eru aðgreindir frá sjóðnum að því er varðar niðurstöðuna,
- c) hafi fjárhagslegan hvata eða annars konar hvata til þess að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina frammar hagsmunum sjóðsins,
- d) framkvæmi sömu aðgerðir fyrir sjóðinn og fyrir annan viðskiptavin eða viðskiptavini sem ekki eru sjóðir,
- e) þiggur eða mun þiggja umbun í tengslum við stýringu sjóðsins í formi peninga, vöru eða þjónustu, annarra en venjubundinna umboðslauna eða þóknana fyrir þjónustuna, frá öðrum aðila en sjóðnum.

Íslandssjóðum er skylt að grípa til allra eðlilegra ráðstafana til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina Íslandssjóða. Dregið er verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu hagsmunaárekstra, öflugri áhættustýringu, aðgreiningu í tölvukerfum og eftirliti með fjárfestingum viðkomandi sjóðs. Íslandssjóðir hf. og móðurfélag þess hafa sett sér skriflega stefnu varðandi hagsmunaárekstra. Útdráttur úr stefnu Íslandssjóða um hagsmunaárekstra, vefslóð https://www.islandssjodir.is/library/islandssjodir/Utdrattur_ur_stefnu_um_hagsmunaarekstra.pdf.³

3.5. Staðfesting af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands

Verðbréfalýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“), sem er lögbært yfirvald samkvæmt lögum um lýsingu verðbréfa sem boðin eru á almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020 og reglugerð ESB 2017/1129. Fjármálaeftirlitið staðfestir verðbréfalýsingu þessa í þeim skilningi að hún uppfyllir kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð ESB 2017/1129. Ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem viðkomandi verðbréfalýsing varðar, og fjárfestar skuli meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfum útgefanda.

³ Upplýsingar á vefsetri eru ekki hluti lýsingar nema þær séu felldar sé inn með tilvísun.

3.6. Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar Íslandssjóða, kt. 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi og framkvæmdastjóri Íslandssjóða, lýsa því hér með yfir fyrir hönd IS Fyrirtækjalánasjóðs hs., að samkvæmt bestu vitund eru upplýsingarnar sem verðbréfalýsingin hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.

Kópavogur, 28. október 2024

F.h. Íslandssjóða hf.

Kjartan Smári Höskuldsson
framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf.

Sylvía Kristín Ólafsdóttir
stjórnarformaður Íslandssjóða hf.